



Í bljúgri bæn og þökk til þín, Ég reika oft á rangri leið,
 sem þekkir mig og verkin mín. sú rétta virðist aldrei greið.
 Ég leita þín, Guð, leiddu mig Ég geri margt, sem miður fer,
 og lýstu mér um ævistig. og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
 ég betur kunni þjóna þér,
 því veit mér feta veginn þinn,
 að verðir þú æ Drottinn minn.
Pétur Þórarinsson



MOLDUN

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina upp vex á sléttri grund fagurt með frjógvun hreina fyrst um dags morgunstund, á snöggu augabragði af skorið verður fljótt, lit og blöð niður lagði, - líf mannlegt endar skjótt.	Ég lifi í Jesú nafni, í Jesú nafni' eg dey, þó heilsa' og líf mér hafni, hræðist ég dauðann ei. Dauði, ég óttast eigi afl þitt né valdið gilt, í Kristí krafti' eg segi: Kom þú sæll, þá þú vilt. <i>Hallgrímur Pétursson</i>
---	---

BLESSUN

ÚTGÖNGULAG

Ísland er land þitt
Magnús Þór Sigmundsson – Margrét Jónsdóttir

Prestur: Sr. Þóra Björg Sigurðardóttir
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Einsöngur: Ásta Marý Stefánsdóttir
Kammerkór Akranes Kirkju
Útfararþjónusta Akranes Kirkju

**Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug og bjóða kirkjugestum að
 þiggja veitingar í safnaðarheimilinu Vinaminni
 að athöfn lokinni**



Áslaug Valdemarsdóttir

Fædd 24. september 1928
Dáin 23. júní 2021



*Útför frá Akranes Kirkju
 þriðjudaginn 6. júlí 2021*

FORSPIL

*Söknuður
Jóhann Helgason*

BÆN

Hærra, minn Guð, til þín, hærra til þín, enda þótt öll sé kross upphefðin mín. Hljóma skal harpan mín: .: Hærra, minn Guð, til þín, .: : hærra til þín.	Sofanda sýndu þá sólstígans braut upp í þitt eilífa alföðurskaut. Hljómi svo harpan mín: .: Hærra, minn Guð, til þín, .: : hærra til þín.
---	---

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörmur og sól,
hljómi samt harpan mín:
.: Hærra, minn Guð, til þín, .: :
hærra til þín.

Adams - Matthías Jochumsson

RITNINGARORÐ

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,
mig glepur sýn,
því nú er nótt, og harla langt er heim.
Ó, hjálpin mín,
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú
og hennar ljós?
Mér sýndist bjart, en birtan þvarr, og nú
er burt mitt hrós.
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,
uns fáráð öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,
þú logar enn,
í gegnum búrur, brim og voðasker.
Nú birtir senn.
Og ég finn aftur andans fögru dyr
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.
Newman - Matthías Jochumsson



RITNINGARORÐ

Ég leit eina lilju í holti, hún lifði hjá steinum á mel, svo blíð og svo björt og svo auðmjúk, en blettinn sinn prýddi hún vel. Ég veit það er úti um engin mörg önnur sem glitrar og skín. Ég þræti' ekki' um litinn né ljómann, en liljan í holtinu' er mín. .:Þessi lilja' er mín lifandi trú:/: Hún er ljós mitt og von mín og yndi. Þessi lilja' er mín lifandi trú.	Og þó að í vindinum visni, á völlum og engjum hvert blóm, og haustvindar blási um heiðar, með hörðum og deydandi róm. Og veturinn komi með kulda og klaka og hríðar og snjó, hún lifir í hug mér sú lilja, og líf hennar veitir mér fró. .:Þessi lilja' er mín lifandi trú:/: Hún er ljós mitt og von mín og yndi. Þessi lilja' er mín lifandi trú.
---	---

Erlent lag - Þorsteinn Valdimarsson

GUÐSPJALL

EINSÖNGUR OG KÓR

*Dýrðarsöngur
C. H. Gabriel - Lárus Halldórsson*



MINNINGARORÐ

EINSÖNGUR

*23. Davíðssálmur
Antonín Dvorák*

BÆN / FAÐIR VOR

